

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bláskógabyggð.

1. gr.

Af hundum í Bláskógabyggð skal sveitarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Bláskógabyggð, nr. 734/2007, sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Fyrir veitta undanþágu til hundahalds skal greiða skráningargjald, kr. 10.000.

3. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta að lágmarki handsömunargjald kr. 10.000. Beri sveitarfélagið kostnað umfram þetta gjald vegna handsömunar skal sá umframkostnaður innheimtur hjá ábyrgðaraðila hundsins sérstaklega. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

4. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða skráningargjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

5. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

6. gr.

Ofangreind gjaldskrá Bláskógabyggðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Bláskógabyggð nr. 734/2007, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Bláskógabyggð nr. 90/2006.

Samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 22. maí 2007 og í heilbrigðisnefnd Suðurlands 19. júní 2007.

Sveitarstjórnin í Bláskógabyggð, 29. júní 2007,

Valtýr Valtýsson.